



Reykjavík, 4. mars 2024

USK23100148

UMSÖGN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skrifstofa framkvæmda og viðhalds

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 11. október 2023:

Lagt er til að ráðist verði í viðgerðir og endurbætur á steinsteyptum tröppum við norðanverðan Seljaskóla. Umræddar tröppur eru fyrir neðan Hnjúkasel og Kambasel og er hluti þeirra svo illa farinn að hættu stafar af, ekki síst þegar hálfka myndast í þeim að vetrinum vegna frosts og snjóa. Jafnframt er lagt til að snjóbræðsluferfi verði sett í umræddar tröppur eða a.m.k. hluta þeirra.

Frá fundi umhverfis- og skipulagsráðs dags. 1. nóvember 2023:

Lögð fram að nýju tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um viðgerð á tröppum við Seljaskóla, sbr. 29. liður fundargerðar umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 11. október 2023.

Vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

Umsögn:

Á umræddu svæði eru 3 inngangar með steinsteyptum tröppum við hvern þeirra. Auk þess eru steinsteyptar tröppur í borgarlandinu. Tillögu um viðgerðir og endurbætur á þessu svæði hefur verið komið áfram til verkefnastjóra sem mun skoða, meta ástand og gera ráðstafanir til að tryggja öryggi svæðisins.

Varðandi snjóbræðslu þá er ávallt reynt að koma því fyrir þegar hægt er þegar skólalóðir eru endurgerðar. Ekki er farið í að setja snjóbræðslu þegar um almennt viðhald er um að ræða nema sérstaklega sé þess óskað af skóla og frístundasviði þar sem skoða þarf þær ákvarðanir í samhengi við endurgerðaráætlun skólalóða

Ámundi Brynjólfsson, skrifstofustjóri
Umhverfis- og skipulagssvið
skrifstofa framkvæmda og viðhalds



Reykjavík